



Hér búum við

Dinnubók



ÍSLAND

Hér búum við

Dinnubók

ISBN 978-9979-0-2191-9

© 2018 Hilmar Egill Sveinbjörnsson

© 2018 Freydís Kristjánsdóttir teikningar, 18-19, 20, 21, 22, 23, 24, 25 e

© 2018 Bergrún Íris Sævarsdóttir teikningar af kindum og sjóræningjakort bls. 6

©2018 Adam Hoffritz kort, 4, 31, 32, 33, 36, 37, 42, 46, 47, 51, 52, 56, 57, 61, 62, 66,
67, 72, 73, 77, 79

Ljósmyndir frá Shutterstock 3e, 8, 9, 16, 69

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Yfirlestur og góð ráð: Eygló Sigurðardóttir, Ellen Klara Eyjólfsdóttir

grunnskólakennarar og Tryggvi Jakobsson, landfræðingur

Prófarkalestur: Bjarni Björnsson og Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2018

Menntamálastofnun

Kópavogur

Umbrot og útlit: Menntamálastofnun

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

ÍSLAND

Hér búum við

Þinnubók



Áður en við hefjumst handa

Lestu vel

Gættu þess að lesa vel í lesbókinni áður en þú byrjar að vinna í vinnubókinni. Í vinnubókinni skaltu svo lesa öll fyrirmæli vel áður en þú hefst handa.

Notaðu bækur og kort

Þegar þú vinnur í vinnubókinni getur verið nauðsynlegt að notast við lesbókina sem fylgir eða kort, hvort sem er kortabók eða kort í tölvu. Í lesbókinni eru einnig góð kort.

Skrifaðu skýrt

Skrifaðu eins skýrt og greinilega og þú getur í vinnubókina. Gættu þess einnig að skrifa ekki of stóra stafi. Ef þér finnst of lítið pláss til að skrifa í kortin getur þú skrifað fyrir utan kortið og dregið línu þaðan á staðinn.

Hjálpast að

Þegar verkefni eru viðamikil eða seinunnin getur verið gott að hjálpast að. Önnur og léttari verkefni skaltu leysa af eigin rammleik áður en þú leitar hjálpar.

Kort og kortalestur

Lesbók bls. 6

1. Settu höfuðáttirnar fjórar inn á myndina á réttan stað.
Merktu síðan áttirnar sem eru mitt á milli höfuðáttanna.



2. Skoðaðu heimskort í kortabók eða á netinu.
Finndu land sem liggur:

a. Fyrir austan Ísland

b. Fyrir vestan Ísland

c. Fyrir norðan Ísland

d. Fyrir sunnan Ísland





3. Skoðu kortið og mældu vegalengdina á milli Patreksfjarðar og Hólmavíkur (bein loftlína). Berðu mælinguna síðan saman við mælikvarðann. Hversu langt er á milli staðanna?

a. Það eru _____ cm milli Patreksfjarðar og Hólmavíkur.

Það eru _____ km.

b. Veldu aðra tvo staði og mældu fjarlægðina á milli þeirra.

Það eru _____ km milli _____ og _____


Það eru _____ km milli _____ og _____

4. Skoðu kortið í lesbókinni á bls. 10.

a. Hvaða upplýsingar getur þú fundið á kortinu? Skoðu skýringarnar.


- b. Teiknaðu nokkur mismunandi tákn sem finna má á kortinu á bls. 10 og skráðu fyrir hvað þau standa.

<input type="checkbox"/>	_____	<input type="checkbox"/>	_____
<input type="checkbox"/>	_____	<input type="checkbox"/>	_____



HÓPVERKEFNI

5. Skoðaðu kort af Íslandi. Fjarlægðu fyrirmyndina og teiknaðu Íslandskort eftir minni án þess að horfa á fyrirmyndina. Berðu þitt kort saman við kortið sem þú skoðaðir áður. Hvernig kom teikningin þín út? Gleymdirðu einhverju eða bættir þú við kortið?
6. Teiknaðu kort af þínu draumalandi. Settu inn á kortið tákn og liti svo hægt sé að sjá hvernig það lítur út. Hafðu í huga að setja inn eitthvað af þessu:
 - a. Fjöll með hæðarlínum og hæsta punkti.
 - b. Jökul og hæð hans.
 - c. Á sem rennur til sjávar.
 - d. Sjó, flóa, firði, dali eða annað landslag á sjó og landi.
 - e. Borgir, bæi, sveitabæi.
 - f. Vegi sem liggja milli staða.
 - g. Skóg.
 - h. Hvar býrð þú?
 - i. Hvað heitir draumalandið þitt?
7. Hópverkefni í *Google earth*
 - a. Finnið heimili ykkar á *Google earth*. Farið í götusýn (streetview) og skoðið heimilið ykkar.
 - b. Þysjið (zoom) út og inn og sjáið hvernig mælikvarði breytist.
 - c. Finnið vegalengdina milli tveggja staða, t.d. heimilis ykkar og skóla. Hvort er lengra að ganga eða keyra sömu leið?
 - d. Veljið loftmynd (satellite) og finnið fjöll, hraun og vötn í nágrenni við ykkar skóla. Hvaða litir eru á þessu korti?



8. Finndu fjársjóðinn.

Fyrir 200 árum síðan kom sjóræningi á þessa eyju. Hann gróf fjársjóð sinn og faldi vandlega. Nú skaltu reyna að finna fjársjóðinn.

- Byrjaðu við stjörnuna í Djúpuvík og fylgdu síðan leiðbeiningunum.
- Í hvaða reit er fjársjóðurinn grafinn? _____
- Nú skalt þú fela fjársjóðinn fyrir öðrum. Skrifðu niður eigin leiðbeiningar.

Farðu

- | | | |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| • tvo reiti norður | • þrjá reiti austur | • þrjá reiti norður |
| • tvo reiti vestur | • einn reit suður | • einn reit austur |
| • þrjá reiti suður | • einn reit austur | |

9. Finndu staðina á korti í kortabók.

Notaðu nafnaskrá í kortabók til að finna staðina sem taldir eru upp hér fyrir neðan. Skráðu blaðsíðatal og reiti í töfluna og leitaðu svo að stöðunum í kortabókinni.

Staður	blaðsíða	bókstafur	tölustafur
Hnífsdalur			
Ódáðahraun			
Akrafjall			
Herðubreið			
Æðey			
Ásbyrgi			
Hekla			
Lómagnúpur			
Þingvallavatn			

Finndu staðinn þar sem þú átt heima í nafnaskrá í kortabók.

Heimili mitt er á blaðsíðu _____.

Ég finn það í reitnum með bókstafnum _____

og tölunni _____.



10. Ísland á korti



a. Litaðu Ísland rautt á kortinu.

b. Litaðu heimsálfurnar hverja með sínum lit.

Evrópa

Afríka

Asía

Ástralía

Norður-Ameríka

Antarktíka

Suður-Ameríka

c. Merktu þessi höf inn á kortið með réttum númerum.

① Atlantshaf

③ Indlandshaf

② Kyrrahaf

④ Norður-Íshaf

d. Krossaðu við réttar fullyrðingar hér fyrir neðan.

Ísland er sunnarlega á jörðinni.

Ísland er í Atlantshafi.

Ísland er í Kyrrahafi.

Ísland er norðarlega á jörðinni.

11. Ísland í Evrópu



- a. Litaðu Ísland rautt á kortinu.
- b. Merktu á rétta staði á kortið: Noregur, Danmörk, Færeyjar, Írland, Bretland, Atlantshaf.
- c. Það land sem er næst Íslandi í austri: _____
- d. Það land sem er næst Íslandi í suðri: _____
- e. _____ og _____ eru lönd í Evrópu sem liggja langt frá Íslandi.
- f. Hvaða land í Evrópu langar þig að heimsækja og af hverju? _____

Við búum á Íslandi

Lesbók bls. 12-15

1. Hvar búa flestir íbúar landsins? _____
2. Hvað heitir þjóðtunga Íslendinga? _____
3. Hvaða tungumálum er hún skyld? _____
4. Hvernig varðveitum við tungumálið okkar? _____

5. Hvenær er þjóðhátíðardagur Íslands? _____
6. Hvaða ár varð Ísland sjálfstætt? _____
7. Hvað tákna litirnir í íslenska fánanum? _____

8. Hvað heitir þjóðsöngur Íslendinga og hverjir sömdu ljóð og lag?


9. Finndu nöfnin á forsetum Íslands frá því landið hlaut sjálfstæði og raðaðu þeim í rétta röð.

10. Myndir þú vilja hafa eitthvað öðruvísi á Íslandi? Hvað?

11. Til hvaða staða á Íslandi hefur þú komið?

12. Ef þú mættir nefna landið okkar öðru nafni, hvað myndir þú láta það heita og af hverju?

13. Litaðu íslenska fánann.



14. Hvað finnst þér best við að búa á Íslandi? Teldu upp eins mörg atriði og þú getur.

15. Hvað búa margir á Íslandi?

16. Hvað eru margir krakkar á þínum aldri á Íslandi?

17. Hver er munurinn á þéttbýli og dreifbýli?

18. Hægt er að skipta landinu á marga vegu, geturðu nefnt dæmi?

19. Hvað eru mörg sveitarfélög í landinu og í hvaða sveitarfélagi býrð þú?

Náttúra Íslands

Lesbók bls. 16-19

1. Krossaðu við allt sem flokkast sem náttúra Íslands.

- veður gróður bátar loftslag jöklar
 hús villt dýr vegir eldgos vötn

2. Gerðu veðurathuganir í nokkra daga og skráðu í töfluna.

Dagur					
Hitastig					
Skýjafar					
Vindhraði					
Vindátt					
Annað					



3. Paraðu saman.

- | | | | |
|--------------|---|---|-----------------------|
| Ísland | • | • | bera vind yfir landið |
| fjöll | • | • | hefur temprandi áhrif |
| loftstraumar | • | • | eyja í Atlantshafi |
| sjórinn | • | • | hafa áhrif á veðurfar |

4. Hvað er átt við með hugtakinu gróðurhúsaáhrif?

5. Hvað gerist á jörðinni þegar loftslag breytist og hitastig hækkar?

6. Hvað getum við gert til að draga úr loftslagsbreytingum?

7. Skoðaðu veðurspá á netinu fyrir næstu daga í þínum landshluta. Hvernig verður veðrið samkvæmt spánni?

8. Teiknaðu mynd og skrifaðu hvað einkennir hverja árstíð.

Vor

Sumar

Haust

Vetur

Myndun og mótun Íslands

Lesbók bls. 20-35

1. Hvað er Mið-Atlantshafshryggurinn og hvernig myndaðist hann?

2. Af hverju er yngsta berg landsins í miðju þess?

3. Teiknaðu inn á kortið hvar gosbelti landsins liggja.



4. Hvar er að finna elsta berg á Íslandi og hversu gamalt er það?


5. Hvernig er jarðhiti nýttur á Íslandi?



6. Hvað gerist þegar jarðskorpuflekar færast til?


7. Hvað eru steingervingar?

8. Hvað er rof? Nefndu fjögur roföfl.



HÓPVERKEFNI

9. Á vef Veðurstofu Íslands er hægt að skoða kort sem sýnir jarðskjálfta á landinu. Hvar eru helstu óróasvæði á landinu síðasta sólarhringinn? Hvar voru síðustu jarðskjálftarnir?
10. Skoðið saman fréttir á netinu eða í blöðum um hvort það eru eldgos eða jarðskjálftar í heiminum. Ef svo er, í hvaða löndum?
11. Lýsið hringrás vatns bæði í orðum og með því að teikna skýringamynd.



12. Teiknaðu eftirtalið inn á myndina.
Þú mátt gjarnan bæta fleiru inn á myndina.

- Kindur í fjallinu.
- Selur í víkinni.
- Síli í tjörnina.
- Álfar uppi á stapanum.




- Tjald í dalnum við stöðuvatnið.
- Krakkar að veiða í ánni.
- Skeljar í fjörunni.
- Snjósleði á jöklinum.
- Fiskar að synda í landgrunninu.
- Bátur strandaður á skerinu.

- Tröll kíkir yfir fellið.
- Útilegumenn á heiðinni.
- Viti stendur á tanganum.
- Fuglar í skóginum.
- Lundar í eyjunni.
- Togari siglir á flóanum.

Vötn

Lesbók bls. 28-29

1. Hvaða stöðuvatn er næst þinni heimabyggð?



2. Hvað heita þessi vötn?

1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

5. _____


6. _____



Ár

Lesbók bls. 30-31

1. Hver er munurinn á dragá, lindá og jökulá?




2. Settu rétt númer við þessar ár.

1. Ölfusá
2. Skjálfandafljót
3. Hvalá
4. Skaftá
5. Hvítá í Borgarfirði
6. Blanda
7. Jökulsá á Fjöllum
8. Markarfljót



Fjöll

Lesbók bls. 32-33




1. Finndu heiti og hæð þessara fjalla og raðaðu þeim eftir hæð. Hæsta fjallið fær númer 1.

Fjall	Hæð í metrum	Hæsta fjall númer 1
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____

Jöklar

Lesbók bls. 34-35




1. Finndu heiti og hæð þessara jökla og raðaðu þeim eftir hæð. Hæsti jökullinn fær númer 1.

Jökull	Hæð í metrum	Hæsti jökull
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____
_____	_____ m	_____


HÓPVERKEFNI

2. Hvert er uppáhaldsfjallið ykkar eða uppáhaldsjökull? Málið mynd af fjallinu ykkar eða jöklinum og haldið myndlistarsýningu í bekknum.
3. Hjálpið að við að útbúa lista yfir það sem þarf að hafa meðferðis í fjallgöngu.



Hafið umhverfis landið

Lesbók bls. 36-37



1. Hvað heita þessi númeruðu hafsvæði í kringum Ísland?

1. _____

2. _____

3. _____


4. _____


2. Hvað heita hafstraumarnir kringum Ísland?

3. Hvaða hafstraumur gerir landið byggilegt?


4. Settu rétt heiti fiskanna undir hverja mynd.
















HÓPVERKEFNI

5. Hvaða fiskitegundir þekkið þið? Hjálpið að við að finna sem flestar tegundir. Veljið ykkur síðan fisk og kynnið ykkur hann vel.
6. Finnið uppskrift að uppáhalds fiskrétti ykkar. Hjálpið að við að búa til uppskriftabók bekkjarins.

7. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Svaraðu spurningunum með því að setja rétt orð í krossgátuna.

1										
2										
3										
	4									
	5									
6										
		7								
		8								
9										
10										
		11								
	12									

Lykilorðið er: _____


1. Hvað kallast svæðið sem nær 200 sjómíllur frá ströndum landsins?
2. Hvaða neðansjárhyggur liggur frá landinu í suðvestur?
3. Hvað kallast þeir stofnar fiska sem menn veiða og borða?
4. Mælieining á sjó, 1852 metrar.
5. Fiskitegund sem nýlega kom í íslenska lögsögu?
6. Einn mest veiddi nytjafiskur við Íslandsstrendur.
7. Hvað heitir hafið sem umlykur Ísland.
8. Uppsjárvarfiskur sem syndir um í torfum.
9. Hafstraumur sem ber hlýjan sjó suður úr höfum til Íslands.
10. Land fyrir vestan Ísland.
11. Hafsvæði fyrir norðan Ísland.
12. Þaðan komu fyrstu landnámsmenn til Íslands.

13. Náttúruauðlindir

Lesbók bls. 38-39

1. Hvað er náttúruauðlind? _____

2. Af hverju skiptir máli fyrir okkur Íslendinga að vernda náttúruauðlindir okkar?



HÓPVERKEFNI

3. Náttúruauðlindum er hægt að skipta í þrjá flokka: Auðlindir sem endurnýjast, auðlindir sem endurnýjast ekki og svo auðlindir sem endurnýjast ef við hugsum vel um þær og þössum að taka ekki of mikið af þeim til að þær klárast ekki.

Hjálpið að við að flokka þessar auðlindir í rétta flokka:

Vindur, jarðhiti, málmar, sólin, skógur, vatn, olía, sjávarföll, kol, fiskur, landið okkar t.d. útivistarsvæði fyrir ferðamenn, landbúnaðarvörur, mannaúður.

Náttúruauðlindir sem endurnýjast	Náttúruauðlindir sem endurnýjast ekki	Náttúruauðlindir sem þarf að passa vel svo þær klárast ekki
----------------------------------	---------------------------------------	---

4. Vatn er mjög mikilvæg náttúruauðlind og við nýtum það á fjölbreyttan hátt. Hvernig nýtum við vatn? Skráið allt sem ykkur dettur í hug og berið saman við aðra hópa.

5. Skoðaðu myndina af hringrás vatnsins á bls. 29. Allt vatn á jörðinni hefur verið hér lengi og er í endalausri hringrás í ólíku formi t.d. rennandi vatn á yfirborðinu, gufa, ís, grunnvatn niðri í jörðinni og ský. Getur verið að við séum að drekka sama vatn og risaeðlurnar drukku? Ræðið það í hópum og myndið ykkur skoðun.

Atvinnulíf

Lesbók bls. 40-41



1. Á hverju lífði fólk að mestu leyti áður fyrr?


2. Hvernig hefur það breyst til dagsins í dag?

3. Í hvaða þrjár greinar skiptist atvinnulífið?

- a. _____
- b. _____
- c. _____

4. Hvað langar þig að vinna við í framtíðinni og hvers vegna?

5. Hvað merkir hugtakið samgöngur?



HÓPVERKEFNI

6. Skiptið bekknum í þrjá hópa. Hver hópur fær eina atvinnugrein, þ.e. frumframleiðslu, þjónustustörf og iðnað. Hver hópur hjálpast að við að finna eins mörg störf og mögulegt er sem flokkast undir þessa atvinnugrein og skráir hjá sér. Hóparnir kynna niðurstöður. Voru einhver störf í fleiri en einum hóp? Af hverju? Hvaða flokkur var með flest störfin?

Umhverfið okkar

Lesbók bls. 42-43

1. Hvað er náttúruvernd?

2. Af hverju þarf að passa náttúru Íslands og alls heimsins alveg sérstaklega vel?



HÓPVERKEFNI

3. Veljið ykkur einn þjóðgarð eða friðland á Íslandi og gerið um hann stutta kynningu fyrir bekkinn ykkar.
4. Skoðið vef Umhverfisstofnunar um friðlýst svæði. Finnið friðlýst landsvæði í nágrenni við ykkar landshluta. Finnið myndir af svæðinu og kynnið það fyrir bekkjarfélögum ykkar.
5. Farið saman út og tínið rusl í nágrenni skólans. Takið mynd af ruslinu og búið til slagorð um hreina skólalóð. Setjið myndina og slagorðið á veggspjald.
6. Útbúið hvatningarmyndband fyrir aðra til að hvetja þá til að ganga vel um landið okkar og jörðina alla.
7. Hugsið ykkur að þið fáið póstkort frá börnum úr framtíðinni, t.d. frá árinu 2030. Í því standa þrjár óskir frá þeim til okkar um það sem við þurfum að huga að í náttúrunni til að allt verði í góðu lagi árið 2030. Hvað þarf að laga? Útbúið póstkortið.

8. Hvað er flokkað í skólanum þínum?

9. Hvað er flokkað og endurunnið heima hjá þér?

Krossaðu í viðeigandi reiti.

matur

blöð og tímarit

málmar

húsgögn

föt

rafhlöður

gler

raftæki

pappír

plast



10. Hvaða umhverfis- og endurvinnslumerki eru þetta?









Landshlutar

Lesbók bls. 44-45

1. Litaðu hvern landshluta með sínum lit.

Minnisorðin setur þú inn eftir vinnu með hvern landshluta.

Litur	Minnisorð	Litur	Minnisorð
<input type="checkbox"/>	Vesturland _____	<input type="checkbox"/>	Suðurland _____
<input type="checkbox"/>	Vestfirðir _____	<input type="checkbox"/>	Suðurnes _____
<input type="checkbox"/>	Norðurland vestra _____	<input type="checkbox"/>	Höfuðborgarsvæðið _____
<input type="checkbox"/>	Norðurland eystra _____	<input type="checkbox"/>	Hálendið _____
<input type="checkbox"/>	Austurland _____		



2. Merktu með X hvar þú átt heima.

Ég bý á stað sem heitir _____


Ég bý í landshluta sem heitir _____

Landið mitt heitir _____

Heimsálfan sem við búum í heitir _____

Vesturland

Lesbók bls. 46-49




1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

- | | |
|------------------|-------------------|
| 1. Faxaflói | 7. Snæfellsjökull |
| 2. Breiðafjörður | 8. Ólafsvík |
| 3. Hvammsfjörður | 9. Akranes |
| 4. Reykholt | 10. Borgarnes |
| 5. Borgarfjörður | 11. Stykkishólmur |
| 6. Snæfellsnes | 12. Búðardalur |

2. Í hvaða þrjá hluta er hægt að skipta Vesturlandi?

3. Lýstu náttúru og landslagi á Vesturlandi í stuttu máli.

4. Hvað heitir fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn á Vesturlandi?




5. Á norðanverðu Snæfellsnesi eru fimm þéttbýlisstaðir. Hvað heita þeir?

6. Segðu frá steinunum á Djúpalónssandi.

7. Hvað einkennir Breiðafjörð?

8. Hver er vatnsmesti hver á Íslandi?

9. Hvaða atvinnugreinar eru helstar á Vesturlandi?



HÓPVERKEFNI

Veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.

10. Finnið þjóðsögu eða Íslendinga sögu sem gerist á Vesturlandi. Búið til myndasögu eða stuttmynd út frá sögunni.
11. Skipuleggið þriggja daga ferð um Vesturland með erlenda skólakrakka. Þið þurfið að gera góða ferðalýsingu, hvað á að skoða, hvar ætlið þið að gista, hvað ætlið þið að borða, hvað gerið þið á kvöldin? Gerið dagskrá og leiðarlýsingu.
12. Finnið á netinu myndir frá áhugaverðum stöðum á Vesturlandi, skrifið stuttan texta um hvern stað og útbúið kynningu, veggspjald eða bækling fyrir bekkinn.
13. Á Vesturlandi eru nokkrir þekktir hellar. Veljið einn helli og kynnið ykkur hann nánar. Kynnið fyrir bekknum þá hella sem þið völduð.

14. Orðatengingar, hvað passar saman?


- | | | | |
|------------------|---|---|-----------------------------------|
| Deildartunguhver | • | • | Bifröst og Hvanneyri |
| Snæfellsnes | • | • | Snæfellsjökull |
| virkt eldfjall | • | • | Borgarfjörður |
| háskólar | • | • | Borgarnes |
| Brák | • | • | skilur að Breiðafjörð og Faxaflóa |

15. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Vesturland.



1. Fjölmenasti þéttbýlisstaðurinn á Vesturlandi.
2. Á sem rennur úr Langavatni.
3. Nes sem skilur að Breiðafjörð og Faxaflóa.
4. Göng undir Hvalfjörð.
5. Snæfellsjökull er virkt ...
6. Stærsta eyjan á Breiðafirði.
7. Langt og mjótt stöðuvatn.
8. Þéttbýlisstaður á norðanverðu Snæfellsnesi.
9. Brú yfir Borgarfjörð.
10. Háskóli.
11. Formfagurt fjall við Grundarfjörð.
12. Stóriðja.
13. Vatnsmesti hver á Íslandi.
14. Vestasta þéttbýlið á Snæfellsnesi.



Lykilorðið er: _____


16. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.

Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni



atvinna



landslag



þéttbýli


Nú hefur þú lært ýmislegt um Vesturland. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Vesturland og skrifaðu það á línuna.

Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Vestfirðir

Lesbók bls. 50-53

1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.



- | | | |
|----------------------|---------------|------------------|
| 1. Ísafjarðardjúp | 6. Vigur | 11. Hornstrandir |
| 2. Arnarfjörður | 7. Suðureyri | 12. Rauðisandur |
| 3. Steingrímsfjörður | 8. Gláma | 13. Ísafjörður |
| 4. Patreksfjörður | 9. Látrabjarg | 14. Hólmavík |
| 5. Drangajökull | 10. Reykhólar | |

2. Hvað kallast Vestfirðir stundum öðru nafni?

3. Nefndu nokkra þéttbýlisstaði á Vestfjörðum. Hver er fjölmennastur?

4. Hvaða þéttbýlisstaði tengja Vestfjarðagöngin?

5. Hvaða atvinnugreinar eru helst stundaðar á Vestfjörðum og hvaða grein er langstærst?

6. Hvaða jökull er á Vestfjörðum?


Eyjafjallajökull

Þórisjökull

Hofsjökull

Drangajökull

7. Hver fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð? Fyrir hvað er hann þekktur?



Veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.


8. Finnið tjaldsvæði í landshlutanum og skipuleggið afþreyingu fyrir hópinn. Hvað geta gestir á tjaldstæðinu haft fyrir stafni eina helgi?
9. Finnið áhugaverða staði fyrir börn í landshlutanum, t.d. söfn, leiksvæði, dýragarð eða annað og safnið saman í bækling, veggspjald eða bók.
10. Veljið einn þessara staða til að skoða nánar og veljið hvernig þið kynnið hann fyrir bekknum. Til dæmis gætuð þið nýtt ykkur glærुकynningu, safnað í bækling eða útbúið veggspjald.
 - a. Dynjandi
 - b. Rauðisandur
 - c. Látrabjarg
 - d. Hornbjarg
 - e. Vigur
 - f. Hrafnseyri
11. Veljið þéttbýlisstað á Vestfjörðum og kynnið ykkur hann vel. Hvað búa margir þar, hvað er gaman að skoða, við hvað vinnur fólk, hvaða þjónustu er hægt að fá? Og fleira sem ykkur dettur í hug.



12. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Vestfirði.

1. Áður blómleg byggð, þar sem enginn býr lengur.
2. Nyrsti þéttbýlisstaðurinn á Vestfjörðum.
3. Vestasti oddi landsins.
4. Jökull á Vestfjörðum.
5. Fjörður sem skilur að Vestfirði og Vesturland.
6. Eitt mesta sjávarbjarg á Íslandi.
7. Þar fæddist Jón Sigurðsson.
8. Hæsta fjall á Vestfjörðum.
9. Kaupstaður við Dýrafjörð.
10. Annað heiti yfir Ísafjarðardjúpi.
11. Eyja í Ísafjarðardjúpi.
12. Spendýr á Hornströndum.




Lykilorðið er: _____

13. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.

Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni



atvinna



landslag




þéttbýli

Nú hefur þú lært ýmislegt um Vestfirði. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Vestfirði og skrifaðu það á línuna.

Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Norðurland vestra

Lesbók bls. 54-57



1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

- | | |
|-----------------|------------------|
| 1. Húnaflói | 7. Drangey |
| 2. Skagafjörður | 8. Skagatrönd |
| 3. Skagi | 9. Hrútafjörður |
| 4. Hóp | 10. Sauðárkrókur |
| 5. Tröllaskagi | 11. Hvammstangi |
| 6. Héraðsvötn | 12. Blönduós |

2. Lýstu landslagi á Norðurlandi vestra í stuttu máli.


3. Hvaða tvær eyjar eru í Skagafirði?

4. Segðu frá atvinnulífi á Norðurlandi vestra í stuttu máli.

5. Hvað er:

a Hvítserkur?

b. Borgarvirki?



6. Kynntu þér sögu Hóla í Hjaltadal. Notaðu netið til að afla þér upplýsinga.
Hver er saga staðarins?



HÓPVERKEFNI

7. Kynnið ykkur Selasetur Íslands á Hvammstanga. Hver hópur velur að kynna sér vel eina selategund sem lifir við strendur Íslands. Kynnið verkefnið fyrir bekknum.
8. Grettir Ásmundarson var þekktur útlagi, ættaður frá Bjargi í Miðfirði. Kynnið ykkur sögu hans og staði þar sem hann dvaldi, t.d. Drangey og Grettislaug.
9. Búið til ferðabækling um vinsæla ferðamannastaði á Norðurlandi vestra. Einnig væri hægt að búa til bækling, t.d. um sundstaði eða söfn í landshlutanum.
10. Á Sturlungaöld gerðust margir sögulegir atburðir í Skagafirði t.d. Örlygsstaðabardagi og Flugumýrabrenna. Kynnið ykkur annan hvorn þessara atburða og útbúið saman sem hópur veggmynd frá atburðinum. Hafið með upplýsingar um það sem sagan segir að hafi gerst.


11. Orðatengingar, hvað passar saman?

- | | | | |
|-----------------|---|---|-----------------|
| Arnarvatnsheiði | • | • | sellátur |
| Vatnsnes | • | • | Blanda |
| Glaumbær | • | • | kirkjustaður |
| Blönduós | • | • | hestamennska |
| Skagafjörður | • | • | tjarnir og vötn |

12. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Norðurland vestra.

1. Skagi mikill sem skilur að Húnaflóa og Skagafjörð.
2. 15 m hár klettur, hvítur af fugladriti.
3. Ein af betri laxveiðiám landsins.
4. Eyja utarlega í Skagafirði.
5. Heiði með aragrúa af vötnum.
6. Stór flói í landshlutanum.
7. Tegund þjónustu sem hefur vaxið töluvert hjá bændum.
8. Skagi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.
9. Klettaborg sem lítur út eins og virki.
10. Fljót sem rennur til sjávar í Skagafirði.
11. Bær og kirkjustaður í Skagafirði.
12. Höfði í austanverðum Skagafirði.




Lykilorðið er: _____


13. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.


Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni



atvinna



landslag



þéttbýli



Nú hefur þú lært ýmislegt um Norðurland vestra. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Norðurland vestra og skrifaðu það á línuna.


Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Norðurland eystra

Lesbók bls. 58-61

1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

1. Eyjafjörður
2. Skjálfandi
3. Öxarfjörður
4. Goðafoss
5. Langanes
6. Melrakkaslétta
7. Rifstangi
8. Grímsey
9. Hrísey
10. Mývatn
11. Akureyri
12. Húsavík
13. Siglufjörður
14. Jökulsá á Fjöllum



2. Lýstu landslagi Norðurlands eystra í stuttu máli.

3. Kynntu þér þjóðsöguna um hvernig Ásbyrgi varð til. Hvað segir þar?
Teiknið mynd sem sýnir atburði sögunnar.

4. Hvaða þéttbýlisstaðir eru á Tröllaskaga?


5. Segðu stuttlega frá Grímsey og Kolbeinsey.

6. Hvernig komast íbúar Hríseyjar og Grímseyjar
á milli lands og eyja?



7. Nefndu fjórar eyjar í landshlutanum.

8. Hvað einkennir atvinnulíf á Norðurlandi eystra?



HÓPVERKEFNI

Hópverkefni, veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.

9. Kynnið ykkur höfuðstað Norðurlands, Akureyri. Skipuleggið helgarferð til Akureyrar.
10. Farið inn á vef Vegagerðarinnar og skoðið vefmyndavélar í landshlutanum. Skráið hvernig færð á vegum er á þeim tíma sem verkefnið er unnið. Hvaða vegir eru lokaðir? Er snjór á veginum? Hversu mikil umferð er um vegina?
11. Skipuleggið ferð í hvalaskoðun frá Húsavík. Hvað kostar fyrir fjölskylduna ykkar að fara í hvalaskoðun? Semjið sögu um ferðina og segið frá upplifun ykkar. Kynnið ykkur eina hvalategund sem lifir við strendur Íslands.
12. Kynnið ykkur að minnsta kosti einn þessara staða og sögu hans. Fjallið einnig um annað sem ykkur finnst áhugavert við staðinn. Kynnið verkefnið fyrir bekknum eða búið til bækling með myndum og texta.
 - a. Goðafoss
 - b. Dettifoss
 - c. Ásbyrgi
 - d. Hvalasafnið á Húsavík
 - e. Mývatn
 - f. Krafla
 - g. Grímsey


13. Orðatengingar, hvað passar saman?

- | | | | |
|------------------|---|---|----------------------|
| Kópasker | • | • | Völuspá |
| Heimskautsgerðið | • | • | Melrakkaslétta |
| Sæfari | • | • | mýflugur |
| Mývatn | • | • | Nyrsti bær á Íslandi |
| Raufarhöfn | • | • | Grimsey |

14. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Norðurland eystra.

- | | |
|---|--|
| 1. Nyrsti tangi landsins. | 6. Bær á Melrakkasléttu. |
| 2. Slétta þar sem fuglalíf er fjölskrúðugt. | 7. Grunnt stöðuvatn. |
| 3. Í þessum flóa er eyjan Flatey. | 8. Göng á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. |
| 4. Hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. | 9. Þéttbýlisstaður á Tröllaskaga. |
| 5. Vinsælt skíðasvæði á Akureyri. | 10. Fjörður milli Melrakkasléttu og Langaness. |




Lykilorðið er: _____


15. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.

Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni




atvinna



Norðurland eystra



landslag



þéttbýli

Nú hefur þú lært ýmislegt um Norðurland eystra. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Norðurland eystra og skrifaðu það á línuna.


Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Austurland

Lesbók bls. 62-65

1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

1. Reyðarfjörður
2. Stöðvarfjörður
3. Eskifjörður
4. Berufjörður
5. Norðfjörður
6. Seyðisfjörður
7. Egilsstaðir
8. Vopnafjörður
9. Vatnajökull
10. Lögurinn
11. Gerpir
12. Papey
13. Fáskrúðsfjörður
14. Djúpvogur
15. Höfn
16. Snæfell
17. Smjörfjöll





2. Lýstu landslagi Austurlands í stuttu máli.

3. Við hvaða firði á Austurlandi standa samnefndir þéttbýlisstaðir?

4. Hvað er:

a. Norræna? _____

b. Skrúður? _____

c. Lagarfljótsormurinn? _____

5. Hvaða þjóðgarður er á Austurlandi?



Veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.

6. Veljið ykkur einn áhugaverðan stað á Austurlandi og kynnið fyrir bekknum. Kynningin gæti verið glærusýning, stuttmynd, fréttabáttur, ferðaskrifstofa, útvarpsþáttur, vefsíða eða annað.
7. Á Djúpavogi er útilistaverk sem kallast Eggin í Gleðivík. Kynnið ykkur listaverkið og sögu þess. Útskýrið hvað það sýnir og segið frá tilurð þess.
8. Kynnið ykkur söguna um Lagarfljótsorminn. Útbúið leikþátt, stoppmynd eða líkan þar sem sagan er sett fram á skapandi hátt.
9. Ferjan Norræna siglir frá Seyðisfirði til Evrópu. Kynnið ykkur ferðaáætlun ferjunnar. Hvar stoppar hún og hversu lengi er hún á leiðinni áður en hún siglir aftur til Íslands? Teiknið inn á kort leiðina sem hún fer. Hvað kostar að fara sem farþegi með henni aðra leiðina? En ef þið takið bílinn með?


10. Orðatengingar, hvað passar saman?

- | | | | |
|---------------|---|---|---------------------|
| Seyðisfjörður | • | • | lundir |
| Öræfasveit | • | • | Lagarfljótsormurinn |
| Skrúður | • | • | sveitin milli sanda |
| Lögurinn | • | • | Norræna |

11. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Austurland.

1. Formfagurt fjall við Berufjörð.
2. Fjörður sem Djúpivogur stendur við.
3. Eyja úti fyrir Fáskrúðsfirði.
4. Eyja út af Berufirði.
5. Stærsti þéttbýlisstaður á Austurlandi.
6. Nyrsti þéttbýlisstaður í landshlutanum.
7. Laxveiðiá inn af Vopnafirði.
8. Austasti tangi landsins.
9. Kaupstaður við Norðfjörð.
10. Ferja sem siglir á milli Íslands og Danmerkur.



Lykilorðið er: _____

12. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.

Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.

örnefni

atvinna

landslag


þéttbýli

Nú hefur þú lært ýmislegt um Austurland. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Austurland og skrifaðu það á línuna.

Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Suðurland

Lesbók bls. 66-73



1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

- | | | | |
|---------------------|-------------------|-------------------|-------------------------|
| 1. Vatnajökull | 5. Ölfusá | 9. Köt lutangi | 13. Kirkjubæjarklaustur |
| 2. Eyjafjallajökull | 6. Vestmannaeyjar | 10. Hekla | 14. Vík í Mýrdal |
| 3. Mýrdalsjökull | 7. Surtsey | 11. Þingvallavatn | 15. Hella |
| 4. Þjórsá | 8. Hvolsvöllur | 12. Selfoss | 16. Þorlákshöfn |

2. Lýstu landslagi á Suðurlandi í stuttu máli.


3. Af hverju eru fáar góðar hafnir við suðurströndina?

4. Hvað heitir eyjan sem myndaðist í eldgosi af hafsbotni árið 1963?

5. Nefndu fjórar ár sem farið er yfir ef ekið er frá Selfossi til Kirkjubæjarklausturs.


6. Árið 1973 varð eldgos í Heimaey. Kynntu þér söguna og segðu aðeins frá því. Þú getur leitað upplýsinga á netinu.

7. Hvað er ylrækt?



8. Orðatengingar, hvað passar saman?

Vestmannaeyjar	•	•	Kötlutangi
Þingvellir	•	•	Geysir
Haukadalur	•	•	landbúnaður
Suðurlandsundirlendið	•	•	Eldfell
Mýrdalssandur	•	•	Almannagjá



HÓPVERKEFNI


Veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.

- 9.** Skoðið áhugaverða ferðamannastaði á Suðurlandi og veljið ykkur að minnsta kosti einn stað til að kynna fyrir þekknunum.
- 10.** Kynnið ykkur sögu Þingvalla. Hægt er að skoða t.d. jarðfræði staðarins, sögu kristnitöku, sögu Alþingis, sögu t.d. Drekkingarhýls, Silfru og Lögbergs.
- 11.** Skipuleggið helgarferð til Vestmannaeyja. Þið þurfið að gera góða ferðalýsingu, hvað ætlið þið að skoða, hvar ætlið þið að gista, hvað gerið þið á kvöldin? Gerið dagskrá og leiðarlýsingu. Hvað kostar fyrir hópinn að fara með Herjólfri til og frá Vestmannaeyjum?
- 12.** Þið ætlið að fara með strætisvagni til Víkur í Mýrdal. Kynnið ykkur áætlunarferðir þangað og hvað kostar að fara hvora leið. Hvað er vagninn lengi á leiðinni frá Reykjavík til Víkur?

13. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Suðurland.

1. Sögufrægt eldfjall.
2. Goshver í Haukadal.
3. Stærsti jökull landsins.
4. Höfn tekin í notkun árið 2010.
5. Foss í Hvítá.
6. Foss undir Eyjafjöllum.
7. Eldstöð í Mýrdalsjökli.
8. Lón á Breiðamerkursandi.
9. Fell sem myndaðist í Heimaeyjargosinu.
10. Gjá á Þingvöllum.
11. Lengsta á landsins.
12. Syðsti tangi Íslands.
13. Gígaröð sem myndaðist í eldgosi árið 1783.
14. Hraunið sem rann í Skaftáreldum.
15. Þéttbýlisstaður við Ölfusá.
16. Að rækta plöntur í gróðurhúsum kallast ...




Lykilorðið er: _____


14. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.


Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni



atvinna



landslag



þéttbýli





Nú hefur þú lært ýmislegt um Suðurland. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Suðurland og skrifaðu það á línuna.

Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Suðurnes

Lesbók bls. 74-77



1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

- | | | |
|----------------|-----------------|----------------|
| 1. Faxaflói | 5. Reykjanestá | 9. Sandgerði |
| 2. Kleifarvatn | 6. Helgafell | 10. Garður |
| 3. Seltjörn | 7. Reykjanesbær | 11. Vogar |
| 4. Keilir | 8. Grindavík | 12. Bláa lónið |

2. Lýstu landslagi á Reykjaneskaga í stuttu máli.

3. Hvað er ...


a. elsti hluti Reykjanesskaga gamall? _____

b. Keilir hár? _____



4. Af hverju er engar ár að finna á Reykjanesskaga?

5. Nefndu nokkra fjölsóttu ferðamannastaði sem er að finna á skaganum.



Veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.

6. Skiptið ykkur í hópa þar sem hver hópur gerir spurningar um Suðurnes. Búið til ykkar eigið Kahoot-verkefni þar sem hinir nemendurnir taka þátt í leiknum.
7. Veljið ykkur eitt bæjarfélag á Suðurnesjum og útbúið myndasýningu sem sýnir athyglisverða staði í bænum.
8. Skipuleggið skoðunarferð um Suðurnes með vini ykkar frá útlöndum. Hvað mynduð þið sýna þeim og hvað mynduð þið gera ef þið færuð í dagsferð um Reykjaneskagann?
9. Nokkur falleg útilistaverk má finna í nágrenni flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Má þar nefna listaverkin Áttir, Regnbogann og Þotuhreiður. Kynnið ykkur þessi listaverk og höfunda þeirra.


10. Orðatengingar, hvað passar saman?

- | | | |
|----------------------|---|-----------------------------|
| Grindavík | • | Miðnesheiði |
| Bláa lónið | • | Tyrkjaránið |
| Keflavíkurflugvöllur | • | Súlur |
| Reykjaneskagi | • | mörg lág móbergsfjöll |
| Eldey | • | fjölsóttur ferðamannastaður |

11. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Suðurnes.

1. Eldbrunninn skagi.
2. Stærsta stöðuvatnið.
3. 77 metra há eyja.
4. Keilulaga fjall.
5. Flói.
6. Bær nyrst á Reykjaneskaga.
7. 229 metra hátt fjall nærri Grindavík.
8. Kaupstaður á Vatnsleysuströnd.
9. Nyrsti hluti Reykjaneskaga.
10. Tjörn milli Njarðvíkur og Voga.
11. Bær nærri Bláa lóninu.




Lykilorðið er: _____


12. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.

Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni



atvinna



landslag



þéttbýli




Nú hefur þú lært ýmislegt um Suðurnes. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um Suðurnes og skrifaðu það á línuna.

Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Reykjavík og nágrenni

Lesbók bls. 78-81



1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

Litaðu kassana í sama lit og bæjarfélögin eru á kortinu.

1. Kollafjörður
2. Skerjafjörður
3. Álftanes
4. Kjalarnes
5. Viðey

6. Engey
7. Elliðaavatn
8. Esja
9. Úlfarsfell
10. Heiðmörk

- | | |
|--|---------------|
| | Reykjavík |
| | Seltjarnarnes |
| | Garðabær |
| | Hafnarfjörður |
| | Mosfellsbær |
| | Kópavogur |



2. Hvernig er talið að Reykjavík hafi fengið nafn sitt?


3. Hversu margir eru íbúar höfuðborgarsvæðisins?

4. Hvað heita eyjarnar í Kollafirði?

5. Hvaða fjall er mest áberandi séð frá Reykjavík? Hvaða önnur fjöll sjást?

6. Númeraðu byggingarnar

- | | |
|--------------------|-------------------------|
| 1. Perlan | 7. Alþingi |
| 2. Háskóli Íslands | 8. Ráðhús Reykjavíkur |
| 3. Dómkirkjan | 9. Þjóðleikhúsið |
| 4. Viðey | 10. Stjórnarráð Íslands |
| 5. Hallgrímskirkja | 11. Harpa |
| 6. Bessastaðir | |





HÓPVERKEFNI

Veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.

7. Í Reykjavík er að finna fjölda áhugaverðra safna. Veljið ykkur eitt safn til að skoða og kynnið fyrir bekkjarfélögum ykkar. Af hverju völduð þið þetta safn? Hvað kostar fyrir fjögurra manna fjölskyldu að fara inn á safnið?
8. Skipuleggið skemmtidagskrá fyrir fjölskylduna ykkar í Reykjavík í tvo daga. Hvað ætlið þið að gera og skoða?
9. Í Reykjavík er hægt að finna fjöldann allan af minnismerkjum og stytum. Veljið ykkur minnismerki eða stytta til að fjalla um. Finnið mynd af verkinu og segið frá því og höfundi þess.
10. Kynnið ykkur sögu Bessastaða. Fyrir hvað er staðurinn þekktastur? Veljið ykkur að teikna eitt þeirra húsa sem finna má á Bessastöðum.


11. Orðatengingar, hvað passar saman?

- | | | | |
|-----------|---|---|---------------|
| Gömul hús | • | • | Kópavogur |
| Kársnes | • | • | Kerhólakambur |
| Öskjuhlíð | • | • | Árbæjarsafn |
| Esja | • | • | viti |
| Gróttu | • | • | Perlan |

12. Kossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við Reykjavík og nágrenni.

1. Nes norðan við Kollafjörð.
2. Bær á höfuðborgarsvæðinu.
3. Mjög djúpur fjörður.
4. Á sem rennur í mörgum kvíslum gegnum Reykjavík.
5. Nes með þéttri byggð.
6. Fjall og skíðasvæði.
7. Bæjarfjall Reykvíkinga.
8. Útivistarsvæði.
9. Höfuðborg Íslands.
10. Eyja þar sem var klaustur.
11. Dalur með heitum laugum.
12. Útisafn.



Lykilorðið er: _____

13. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.


Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni




atvinna



Reykjavík
og nágrenni



landslag




þéttbýli

Nú hefur þú lært ýmislegt um höfuðborgarsvæðið. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um höfuðborgarsvæðið og skrifaðu það á línuna.

Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.


Hálendið

Lesbók bls. 82-85



1. Merktu inn á kortið með því að setja númer á réttan stað.

- | | | |
|-----------------|----------------|--------------------|
| 1. Pórisvatn | 6. Hofsjökull | 11. Langisjór |
| 2. Háslón | 7. Langjökull | 12. Kerlingarfjöll |
| 3. Trölladyngja | 8. Snæfell | 13. Sprengisandur |
| 4. Öskjuvatn | 9. Herðubreið | 14. Kjalvegur |
| 5. Vatnajökull | 10. Ódáðahraun | 15. Hekla |



2. Segðu stuttlega frá gróðri og dýralífi á hálendinu.


3. Á milli hvaða landshluta liggja þjóðleiðirnar?

a. Sprengisandur

b. Kjölur

4. Hvaða mannvirki er aðallega að finna á hálendinu?

5. Af hverju hentar hálendið illa til búsetu?



HÓPVERKEFNI

Veljið eitt eða fleiri verkefni til að vinna með.

6. Finnið heitar náttúruleugar á hálendinu. Útbúið kynningu á einni þeirra. Merkið þær á kort og setjið inn myndir af þeim. Hægt er að gera þetta í tölvu eða á veggspjald.
7. Nokkrar þjóðsögur má rekja til hálendis Íslands. Kynnið ykkur þær og gerið myndasögu út frá efni sögunnar.
 - a. Reynistaðabræður
 - b. Fjalla-Eyvindur og Halla
 - c. Hellismannasaga
 - d. Saga Bjarna-Dísu
8. Fjölskyldan þín ætlar að ganga annaðhvort um Fimmvörðuháls frá Skógum í Þórsmörk eða Laugaveginn sem liggur frá Landmanna-
laugum í Þórsmörk. Skráið niður leiðarlýsingu, hvað er leiðin löng?
Hvar gistið þið á leiðinni? Hvernig föt, skór og útbúnaður þarf að
vera með í för og hvað er best að hafa í nesti í svona ferðum?


9. Orðatengingar, hvað passar saman?

Heiðarvatn	•	•	Hveravellir
Yngsta hraun landsins	•	•	Þjórsá
Vinsæll ferðamannastaður	•	•	himbrimi
Lengsta fljót landsins	•	•	Holuhraun

10. Krossgáta: orðin eru lárétt, lausnin er lóðrétt.

Finndu lykilorðið. Örnefnin sem vantar eiga öll við hálendið.

1. Jökull í miðju landinu.
2. Víðáttumikill sandur.
3. Stórt manngert vatn.
4. Móbergsstapi með jökli.
5. Langt vatn vestan við Vatnajökul.
6. Manngert lón.
7. Fjallvegur sem tengir Suðurland við Borgarfjörð.
8. Gróið svæði sunnan Hofsjökuls.
9. Áningarstaður á Kili þar sem er jarðhiti.
10. Fjall kennt við snjó.
11. Víðáttumikið hraun.
12. Mjög ungt hraun.
13. Dyngja í Ódáðahrauni.




Lykilorðið er: _____

11. Hugtakakort

Einstaklings-, para- eða hópvinna.

Klárið hugtakakortið. Fyllið í hringina með hugtökum sem ykkur dettur í hug.



örnefni




atvinna



landslag



þéttbýli



Nú hefur þú lært ýmislegt um hálendið. Hugleiddu hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um hálendið og skrifaðu það á línuna.


Farðu á blaðsíðu 31 og settu minnisorðið á réttan stað.

Upprifjun úr landshlutunum

Hvaða landshluta tilheyra eftirfarandi orð og örnefni?

Vestfjarðakjálki – Þjórsárver – Keilir – Lagarfljót – Kópasker – Glaumbær – Ásbyrgi –
Drangey – Bláa lónið – hreindýr – Hólmavík – Baula – Tröllaskagi – Gullfoss –
Heimaey – Grímsey – Herðubreið – Örfælasveit – Vatnsnes – Þingvallavatn –
Hornstrandir – Katla – Tindastóll – Snæfellsjökull – Langisjór – Papey – Elliðavatn –
Búlandstindur – Kópavogur – Sprengisandur – Drekkingsarhylur – Dettifoss –
Langanes – Heiðmörk – Kötlutangi – Holuhraun – Elliðaár – Bifröst – Brák – Eldey –
Viðey – Drangajökull – Borgarfjörður – Faxaflói – Hvanneyri – Miðnesheiði –
Látrabjarg – Arnarfjörður – Héraðsvötn – Árbæjarsafn – Húnaflói – Mývatn – Gerpir –
Kleifarvatn – Þykk þoka – Hofsjökull – Grótta – Snæfell – Hvítserkur –
Hrafnseyri – Drangey – Hveragerði – Sandgerði – Grindavík.

Vesturland	Vestfirðir	N-vestra	N-eystra	Austurland
	Vestfjarðakjálki			



Suðurland	Suðurnes	Reykjavík og nágrenni	Hálandið

HEIMABYGGÐIN

Lesbók bls. 86-87



HÓPVERKEFNI

HÓPVERKEFNI

Skiptið ykkur í hópa og veljið eitthvað af eftirtöldum verkefnum til að kynna ykkur nánar. Þið gætuð hjálpast að við að útbúa heimasíðu ykkar heimabyggðar, eða veggspjald eða annað með öllum upplýsingum sem þið finnið í hópunum.

Fortíð – sagan

1. Saga heimabyggðar, landnám og uppbygging.
2. Jarðsagan í heimabyggð.
3. Sögufrægir staðir, ferðamannastaðir, hvað vilja ferðamenn sjá?
4. Þjóðsögur úr heimabyggð.

Samtíð – nútíminn

1. Kort af svæðinu – þéttbýli/ dreifbýli.
2. Landslag og landshættir.
3. Gróður og dýralíf.
4. Þekktar ár, fossar, vötn, firðir, víkur, fjöll, dalir, – eða hæstu og lengstu.
5. Þekkt örnefni og saga þeirra.
6. Þéttbýliskjarnar – húsin í bænum.
7. Sveitarstjórnin og stjórnsýslan.
8. Þekktir einstaklingar úr heimabyggðinni.
9. Hvaðan kemur vatnið?
10. Hvaða stóru vinnustaðir eru í heimabyggðinni? Við hvað starfar fólkíð?
11. Landbúnaður, sjávarútvegur, þjónusta.
12. Samgöngumál og vegakerfið.
13. Skólamál – hvað geta krakkar/unglingar gert?
Afpreying fyrir krakka/unglinga – vinna fyrir ungingla.
14. Afþreying í heimabyggð – útbúa bækling eða heimasíðu.
15. Hvað eru fastir liðir í skemmtanahaldi?
16. Hvers myndir þú helst sakna úr þinni heimabyggð ef þú flyttir til útlanda?
17. Hver er sérstaða þinnar heimabyggðar – kostir og gallar?
18. Menning, landslag, náttúra.
19. Listaverk.

Framtíð – framtíðarsýn

1. Hugmyndir þínar um hvað má betur fara í þinni heimabyggð.
Settu fram rökstuðning og útskýrðu.
2. Hvað finnst þér vanta?



ÍSLAND

Hér búum við - vinnubók

Í vinnubók þessari er að finna verkefni sem ætlast er til að nemendur vinni samhliða kennslubókinni *Ísland, hér búum við* eftir Hilmar Egil Sveinbjörnsson. Lögð er áhersla á að verkefnin séu fjölbreytt og áhugaverð. Reynt var að hafa þau þannig að þau hæfðu bæði til einstaklingsvinnu og hópvinnu.

Verkefnin tengjast landafræði Íslands almennt og sérstaklega er unnið með hvern landshluta, þ.e. Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Suðurnes, Reykjavík og nágrenni og hálendi Íslands. Einnig eru hugmyndir að vinnu tengdri heimabyggð nemenda.

Vinnubókin er bæði gefin út prentuð og rafræn á neti þannig að hægt er að velja einstök verkefni.

